

## Minnisblað um áhrif eingreiðslna á launavísitölu

23. apríl 2012

Launavísitalan er reiknuð skv. lögum númer 89/1989 og mælir mánaðarlegar breytingar á launum einstaklinga. Samkvæmt lögnum skal launavísitalan sýna, svo sem unnt er, breytingar á heildarlaunum launþega fyrir fastan vinnutíma. Við útreikning vísitölunnar er leitast við að uppfylla þessar kröfur m.a. með því að taka tillit til sérstakra eingreiðslna sem samið hefur verið um í kjarasamningum og sem teljast hluti af þeim launum sem greidd eru fyrir fastan vinnutíma. Að sama skapi hafa áhrif breytinga á orlofs- og desemberuppbót verið metin til breytinga á vísitölunni. Áhrif breytinga á launavísitölu sem rekja má til slíkra greiðslna eru þó alltaf tímabundnar, enda hafa þær skilgreindan ávinnslutíma og að honum loknum ganga áhrifin til baka.

Hagstofan setur eftirfarandi skilyrði til grundvallar ákvörðun hvort tiltekna eingreiðslur eru metnar til breytinga á launavísitölu:

1. Að um sé að ræða almennar eingreiðslur, í þeim skilningi að þær takmarkist ekki við einstaka launamenn eða einstaka launagreiðendur.
2. Að um sé að ræða greiðslur sem leggja megi að jöfnu við endurgjald vegna reglulegra starfa, sbr. þá túlkun sem lögð hefur verið í ofangreint lagaákvæði og almennir útreikningar launavísitölu byggja á.
3. Að fyrir liggji skýrar forsendur fyrir greiðslu þeirra.

Í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins árið 2011 var kveðið á um eingreiðslur, þar sem almennt var samið um 50 þúsund króna eingreiðslu sem kom til útborgunar við samþykkt samninga, 10 þúsund króna álag á orlofsuppbót og 15 þúsund króna álag á desemberuppbót. Fyrir liggur að umræddar eingreiðslur eru almennar, þ.e. byggja á almennum kjarasamningum og teljast jafnframt samræmast þeirri skilgreiningu, sem byggt hefur verið á út frá gildandi lögum, að um sé að ræða endurgjald vegna reglulegra starfa.

Við framkvæmd útreikninga á áhrifum 50 þúsund króna eingreiðslu á vísitöluna er ávinnslutími skilgreindur til næstu kjarasamningshækkana, en í samningum 2011 er kveðið á um hækkun launa í febrúar 2012 á almennum vinnumarkaði og mars 2012 í opinbera geiranum. Þar sem áhrif hækkunar á vísitöluna vegna eingreiðslu falla út þegar almennar hækkanir koma til framkvæmda, þá valda tímabundin áhrif eingreiðslu ekki lækkun á vísitölunni heldur draga úr áhrifum kjarasamningshækkana í febrúar og mars 2012.

Við framkvæmd útreikninga á áhrifum eingreiðslu vegna álags á orlofs- og desemberuppbót var horft til þess að ávinnslutímabil þeirra er 12 mánuðir og því var áhrifum dreift á eitt ár frá þeim tíma sem greiðslurnar komu til útborgunar.

Uppsöfnuð tímabundin áhrif sem komu til hækkunar launavísitölu voru annars vegar 1,4% vegna 50 þúsund króna eingreiðslu við samþykkt kjarasamninga árið 2011, og hins vegar 0,5% vegna álags á orlofs- og desemberuppbót.

Frekari upplýsingar veitir Margrét Kristín Indriðadóttir, deildarstjóri Launa- og kjaramáladeildar í síma 528 1251 eða á netfanginu [margret.indridadottir@hagstofa.is](mailto:margret.indridadottir@hagstofa.is).

*Uppfært frá 23. mars 2012*